



Áveitan

3. tbl. 19. árgangur. Mars 2026

Páskabíngó



Miðvikudaginn 25. mars í Þingborg

Húsið opnar 17:30 og bíngóið hefst klukkan 18:00

Glæsileg páskaegg verða í vinning

Spjaldið kostar 500 kr

Athugið að ekki verður posi á staðnum

10. bekkur í Flóaskóla verður með sjoppu

Hlökkum til að sjá ykkur

Kveðja skemmtinefnd UMF Þjótanda



Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@gmail.com

845-9719
865-5692

Pistill sveitarstjóra



Kæru íbúar og aðrir lesendur
Febrúarmánuður hefur verið
kröftugur og fjölbreyttur í
starfsemi og félagsstarfi innan
sveitarfélagsins.



Þriðja árið í röð héldu íbúar stórt þorablót,
Þorablót Flóamanna, sem haldið var
þann 7. febrúar. Þar mættu um 280 manns
og skemmtu sér í nýuppgerðum sal í Þing-
borg. Þorablótið tókst vel og við hjá sveitarfélaginu sáum
hvað stækkunin á salnum hentar vel fyrir stærri viðburði eins
og þorablót.

Nokkrum dögum síðar stóð öldungaráð sveitarfélagsins svo
fyrir þorablóti fyrir 60+ og mættu um 80 manns á þann við-
burð. Þorablótið tókst frábærlega og gaman að geta boðið
upp á þennan viðburð aukalega við stóra þorablótið sem
íbúar sjá um að halda.

Í starfsemi sveitarfélagsins hefur febrúar einkennst af fram-
kvæmdum og fundahaldi á fjölbreyttum vettvangi.

Íbúðabyggð við Þingborg

Fyrsta skóflustungan að nýrri íbúðabyggð við Þingborg var
tekin í lok janúar en framkvæmdaleyfi fyrir gatnagerð og lagn-
ingu veitna var gefið út 21. janúar 2026. Sveitarfélagið gerði

samning við Gröfutækni ehf. um þennan verkþátt eftir útboð og yfirferð tilboða fyrir áramót.

Hugmyndir um uppbyggingu á Þingborgarsvæðinu eru ekki nýjar á nálinni en fyrsta deiliskipulag fyrir íbúðabyggð var gert á tíma Hraungerðishrepps þegar deiliskipulag ásamt greinargerð fyrir 26 lóðir voru samþykktar. Það deiliskipulag hefur svo tekið breytingum síðustu ár og var gildandi skipulag samþykkt með auglýsingu þann 13. desember 2022 og byggja yfirstandandi framkvæmdir á því skipulagi.

Þessi framkvæmd markar ákveðin tímamót í Flóahreppi þar sem nú er að verða til fyrsta þéttbýlið í Flóahreppi. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir um 20 íbúðum, þ.e. rað- og par- og einbýlishúsalóðum, við göturnar Þingbrú og Þingmóa. Þegar núverandi skipulagt verður fullbyggt verða um 60 nýjar íbúðir á svæðinu.

Við finnum fyrir miklum áhuga á þessu verkefni og allnokkrir einstaklingar og verktakar hafa sýnt áhuga og bíða eftir því að lóðaúthlutun fari fram.

Hverfið við Þingborg hefur marga kosti fyrir verðandi íbúa og má þar til dæmis nefna að hverfið er í göngufæri við leikskólann Krakkaborg sem er vel mannaður leikskóli án biðlista sem tekur inn börn frá 12 mánaða aldri. Stutt er í friðsæla náttúru og útivistarmöguleika og innan við 10 mínútna akstur í verslun og þjónustu á Selfossi. Nemendur á grunnskólaaldri verða sóttir með skólabíl í grunnskóla sveitarfélagsins, Flóaskóla. Einnig má nefna að fasteignaskattur á íbúðarhús í Flóahreppi hefur lækkað undanfarin ár og í dag er álagningarhlutfallið á íbúðarhús 0,40% af fasteignamati eignar.

Sveitarstjórn vinnur að því þessa dagana að klára úthlutunarreglur fyrir lóðir, drög að lóðarleigusamningum ásamt uppfærslu á samþykktum um gatnagerðargjald í þéttbýli, fráveitu og meðhöndlun úrgangs en allt þetta tengist uppbyggingu á

þéttbýli sem ekki hefur verið til staðar áður í sveitarfélaginu. Með uppbyggingu á Þingborgarsvæðinu er sveitarfélagið að mæta skyldum sínum um framboð á fjölbreyttum lóðum og húsnæði og ljóst að með uppbyggingu á þessu svæði er verið að skapa framboð á hentugum eignum fyrir fyrstu kaupendur og þá sem vilja minnka við sig.

Núverandi sveitarstjórn Flóahrepps hefur verið samstíga og sammála um ofangreinda uppbyggingu og erum við stolt af því að verkefnið sé loksins komið af stað af krafti.

Félagsheimilið Þingborg

Framkvæmdum við stækkun á sal í Þingborg lauk að mestu í fyrstu vikunni í febrúar. Salurinn hefur nú verið stækkaður um ca. 100 m² með því að fjarlægja sviðið. Allur salurinn var málaður þ.e veggir og loft, skipt um ípróttalýsingu, farið yfir raflagnir, nýr dúkur settur á gólfið og hurðir í salnum endurnýjaðar. Einnig var hurð inn í sal úr andyri stækkuð og hurðargati bætt við fyrir áhaldageymslu fyrir ípróttááhöld. Verið er að skoða endurnýjun á hluta hljóðkerfis í húsinu þannig að kerfið virki vel fyrir þá notkun sem verður í húsinu.

Með þessu hefur skapast mun betri aðstaða til ípróttaiðkunar og fyrir stærri viðburði í húsinu. Í salnum fer fram nær öll ípróttakennsla Flóaskóla fjóra daga vikunnar og fimmta virka daginn notar leikskólinn Krakkaborg fyrir hreyfistundir leikskólabarna. Ungmennafélagið Þjótandi er með þrjár æfingar í viku og svo hafa verið hópar í ípróttaiðkun á kvöldin. Salurinn er svo leigður út þess á milli eins og hentar svo sem fyrir fundi, barnaafmæli, erfidrykkjur og veislur.

Við erum mjög ánægð að sjá hve mikil notkun er á þessari fasteign sveitarfélagsins. Þingborg má skilgreina sem fjölnota hús en fyrst og fremst er húsið ætlað fyrir lögbundin verkefni svo sem ípróttakennslu og aðstöðu fyrir stjórnsýslu sveitarfé-

lagsins. Rætt hefur verið um að reyna að útvíkka notkun fyrir íbúa enn frekar með því að koma upp aðstöðu og opnum tímum fyrir eldri íbúa til heilsueflingar og einnig hefur sú hugmynd komið upp að haldinn verði íþróttaskóli fyrir yngstu íbúa sveitarfélagsins.

Húsið býður upp á enn frekari nýtingu og með einföldum breytingum má jafnvel bæta aðstöðuna enn frekar.

Endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps

Eins og áður hefur komið fram stendur nú yfir endurskoðun á aðalskipulagi Flóahrepps. Skipulagslýsing verkefnisins var í kynningu á Skipulagsgátt dagana 27.11.2025-19.12.2025.

Sveitarstjórn Flóahrepps, ásamt Landmótun, vinnur nú úr umsögnum og athugasemdum vegna skipulagslýsingarinnar. Fundað hefur verið með Vegagerðinni og til stendur að funda með Veðurstofu Íslands, Minjastofnun og Sveitarfélaginu Árborg og fleiri aðilum sem sendu inn umsögn eða athugasemdir.

Stefnt er að því að vinnslutillaga verði kynnt í apríl-maí á þessu ári.

Samgöngumál

Sveitarstjórn fékk nýlega afrit af áskorun til Vegagerðarinnar þar sem skorað er á Vegagerðina að fara þegar í stað í aðgerðir til að auka öryggi vegfarenda við vegamót hringvegur nr.1 og Langholtsvegur/Oddgeirshólavegar nr. 318 eftir tíð slys á staðnum.

Um 70 íbúar og frístundahúsaeigendur sem fara daglega um veginn skrifuðu undir áskorunina. Sveitarstjórn tekur heilsuhugar undir þessa áskorun og ítrekar mikilvægi þess að þarna verði án tafar farið í aðgerðir til að auka öryggi þeirra fjölmörgu sem fara þarna um. Auk íbúa, eigenda frístundahúsa,

ferðamanna og vegna atvinnurekstrar sem er við veginn þá fer skólabíll þarna um tvisvar sinnum á dag, 180 daga á ári. Þó þessi áskorun hafi komið frá íbúum sem fara um ofangreind vegamót þá á þetta einnig við um fleiri vegamóti á kaflanum frá Selfoss að Þjórsárbrú. Víða eru fjölfarin vegamót á þessum kafla þar sem umferðaröryggi er ábótavant og slys algeng.

Hluti sveitarstjórnar Flóahrepps fór á fund umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis þann 12. febrúar og fylgdi þar eftir umsögn Flóahrepps um samgönguáætlun. Þar var farið yfir ákall eftir auknu umferðaröryggi, fjármagni í tengivegi innan sveitarfélagsins og mikilvægi þess að farið verði sem fyrst í hönnun á fyrirhugaðri veglínu hringvegar í gegnum sveitarfélagið.

Vinnuskóli

Stefnt er að því að starfrækja vinnuskóla fyrir unglinga á aldrinum í sumar. Sumarið 2026 eiga unglingar fæddir 2010-2012 kost á vinnu í 6 vikur mánudaga-fimmtudaga og þeir sem fæddir eru 2013 eiga kost á vinnu í 2 vikur í samráði við flokkstjóra/verkstjóra.

Sjá nánar hér: <https://www.floahreppur.is/is/thjonusta/fraedslumal/vinnuskoli-floahrepps>

Allt byggist þetta á því að við fáum öfluga aðila til starfa til að stýra vinnuskólanum.

Auglýsing um störf verkstjóra/flokkstjóra verður birt fljótlega á heimasíðu Flóahrepps. Hvetjum áhugasöm til að sækja um störf við vinnuskólann enda skemmtilegt og fjölbreytt starf.

Hvatagreiðslur

Flóahreppur greiðir styrk til íþróttar- lista- og tómstunda- iðkunar tvisvar sinnum á ári, að hausti og vori. Umsóknar- frestur vegna hvatagreiðslna að vori er til 1. apríl. Foreldrar/

forráðamenn barna á aldrinum frá og með 5 ára og að 18 ára aldri sem eiga lögheimili í Flóahreppi geta sótt um greiðslurnar. Athugið að ekki er hægt að sækja um aftur í tímann þ.e fyrir tímabil fyrir áramótin 2025-2026 og ekki er tekið við umsóknum eftir að umsóknarfrestur rennur út. Umsóknir og nánari reglur um hvatagreiðslur má nálgast hér á heimasíðu: <https://www.floahreppur.is/is/sveitin-okkar/ithrottir-og-utivist/hvatagreiðslur>

Styrkur til menningarmála

Sveitarstjórn veitir árlega styrk/styrki til menningarmála í sveitarfélaginu skv. gildandi reglum um úthlutun. Styrkir verða veittir til verkefna sem talin eru skipta máli fyrir mannlíf og félagslíf og/eða til þess fallin að stuðla að björgun menningarverðmæta í sveitarfélaginu. Umsóknum skal skila á skrifstofu Flóahrepps fyrir 15. apríl og úthlutanir verða í tenglum við Fjör í Flóa í vor.

Sjá nánari reglur um úthlutun menningarstyrks á heimasíðu Flóahrepps: https://www.floahreppur.is/static/files/Reglur/rett_reglur-um-uthlutun-styrks-til-menningarmala-i-floahreppi.pdf

Viðtal við sveitarstjóra og oddvita:

Sveitarstjóri er almennt með viðveru á skrifstofu alla virka daga á opnunartíma skrifstofu og tekur á móti íbúum. Það getur verið gott að hringja á undan sér eða senda tölvupóst á hulda@floahreppur.is til að vera viss um að sveitarstjóri sé við og alltaf er hægt að bóka viðtal.

Oddviti er ekki með fasta viðveru á skrifstofu en íbúum er ávallt frjálst að heyra í honum, senda tölvupóst eða bóka viðtal við hann. Til að bóka viðtal við oddvita er best að senda tölvupóst á arni@floahreppur.is.

Bókanir og upplýsingar vegna félagsheimila:

Starfsmenn á fasteignasviði í Flóahreppi:

- Brynjar Jón Stefánsson, umsjónarmaður fasteigna
- Hildur Kristín Hallgrímsdóttir, starfsmaður á fasteignasviði
- Sveinn Hafsteinn Gunnarsson, starfsmaður á fasteignasviði
- Sveinn J. Ástvaldsson, húsvörður í Flóaskóla

Sveinn Hafsteinn sér um bókanir vegna félagsheimila (Þingborg og Félagslundur) en hægt er að senda fyrirspurnir vegna bókana á netfangið thingborg@gmail.com eða hringja alla virka daga á milli 9:00-14:00 í síma 692-8565.

Opnunartími skrifstofu Flóahrepps:

Opnunartími skrifstofu Flóahrepps er frá 9:00-16:00 mánudaga-fimmtudaga og 9:00-13:00 á föstudögum.

Síminn er opinn frá 9:00-13:00 alla virka daga og alltaf er hægt að senda tölvupóst á starfsmenn skrifstofu: Anna Dóra ritari og gjaldkeri: anna@floahreppur.is Dagný aðalbókari, launafulltrúi og umsjón með álagningakerfi: dagny@floahreppur.is Hulda sveitarstjóri: hulda@floahreppur.is

Vaktsími vatnsveitu: 862-6848

Næsti fundur sveitarstjórnar:

Næsti fundur sveitarstjórnar Flóahrepps verður þriðjudaginn 3. mars kl. 17:00 í Þingborg.

Sveitarstjórn fundar almennt fyrsta og þriðja þriðjudag í mánuði og skulu erindi sem óskað er eftir að verði tekin fyrir að berast á skrifstofu Flóahrepps eða á netfangið floahreppur@floahreppur.is í síðasta lagi kl. 12:00 á föstudegi fyrir fund.

Með kærri kveðju,
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri



Héraðsleikar HSK

21. mars 2026

Héraðsleikar HSK í frjálsum íþróttum verða haldnir í Selfosshöllinni laugardaginn 21. mars og hefjast kl. 10:00.

Tímaseðil mótsins má sjá á mótaforritinu Roster Athletics á síðu FRÍ en hann verður aðeins til viðmiðunar. Mótsstjóri getur gert breytingar á honum eftir því sem mótinu vindur fram til þess að minnka bið hjá krökkunum. Mikilvægt verður að fylgjast með því sem þulur mótsins segir svo allir lendi á réttum stað.



Þátttökuréttur

Mótið er fyrir þátttakendur á aldrinum 10 ára og yngri (fæddir 2016 og fyrr). Aðeins félagar í aðildarfélögum HSK geta skráð sig, gestaþátttaka er óheimil á mótinu.

Keppnisgreinar

10 ára piltar og stúlkur: 60m hlaup, hástökk, langstökk, kúluvarp, hringhlaup.

9 ára piltar og stúlkur: 60m hlaup, langstökk, kúluvarp, skutlukast, hringhlaup.

8 ára og yngri piltar og stúlkur: 60m hlaup, langstökk, skutlukast, hringhlaup.

Skráningarfrestur er til 23:30 miðvikudaginn 18.mars.

Félagsmenn Þjótanda eru beðnir um að skrá sig hjá Hönnu Dóru, formanni íþróttanefndar á netfangið hannadorahoskulds@gmail.com frá og með 1. mars.

Ekki verður tekið við skráningu eftir að skráningarfrestur rennur út.

Héraðsmót HSK

21. mars 2025

Héraðsmót HSK í frjálsum íþróttum verður haldið í Selfosshöllinni laugardaginn 21. mars og hefst kl. 12:30. Tímaseðil mótsins má sjá á mótaforritinu Roster athletics.

Þátttökuréttur

Mótið er héraðsmót og er stigakeppni milli aðildarfélaga sambandsins. Aðeins félagar í aðildarfélögum HSK geta skráð sig, safnað stigum og unnið héraðsmeistaratitil. Gestaþátttaka er óheimil á mótinu. Aðeins keppendur sem verða 13 ára á árinu og eldri geta keppt á mótinu.

Keppnisgreinar

Konur og karlar: 60 m hlaup – 60m grindahlaup – stangarstökk-hástökk - langstökk – kúluvarp.

Stangarstökk forkeppni: Ákveðið hefur verið að hafa forkeppni í stangarstökki föstudaginn 20. mars kl. 17:00. Þeir sem komast yfir 2,20 kvk eða 2,40m kk í forkeppninni hljóta keppnisrétt í úrslitunum á laugardeginum. Þeir einstaklingar sem hafa stökkið 2,20 kvk eða 2,40m kk eða hærra á árunum 2025 eða 2026 geta skráð sig beint inn í úrslitin og þurfa ekki að mæta í forkeppnina.

Tímaseðill

Mótshaldari áskilur sér fullan rétt til breytinga á tímaseðli á mótsstað ef aðstæður og keppendafjöldi gefur tilefni til. Nafnakall fer fram á keppnisstað 10 mínútur fyrir keppni viðkomandi greinar. Forföll ber að tilkynna í upphafi keppnisdags

Skráningarfrestur og skráningarfyrirkomulag

Skráningarfrestur er til 23:30 miðvikudaginn 18.mars Félagsmenn Þjótanda eru beðnir um að skrá sig hjá Hönnu Dóru, formanni íþróttanefndar á netfandið hannadorahoskulds@gmail.com frá og með 1. mars. Tímaseðill af mótinu má finna á mótaforritinu Roster athletics á heimasíðu FRÍ.

Ekki verður tekið við skráningu eftir að skráningarfrestur rennur út.

Stofnfundur nýs Búnaðarfélags í Flóanum

Ákveðið hefur verið að kalla til fundar um stofnun nýs Búnaðarfélags í Flóanum. Félagið mun sinna þjónustu og skyldum sem önnur búnaðarfélög hafa sinnt hingað til í Flóanum.

Verður hann haldinn í félagsheimilinu **Félagslund** þann **4. mars** klukkan **20:00**

Dagskrá fundarinnar:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara.
- Umræða um stofnun félagsins.
- Samþykkt laga/samþykkt.
- Kosning í stjórn.
- Kaffi
- Önnur mál

Þeim sem málið varðar og hafa áhuga á að taka þátt í ný stofnuðu félagi eru hvattir til að mæta á fundinn.



UNG MENNA HÚS VOR 2026



ALLIR VELKOMNIR FÆDDIR 2000-2009

JANÚAR
28.

ÍPRÓTTIR (INNI/ÚTI)
ÞJÓRSÁRVER KL: 19:30

PINGBORG KL 19:30
BLAK/BADMINTON MÓT

FEBRÚAR
18.

MARS
18.

PÍLU / POOL MÓT
ÞJÓRSÁRVER KL. 19:30

APRÍL
15.

ÍPRÓTTIR

PINGBORG KL 19:30



FACEBOOK: LEIKJAKVÖLD ÞJÓTANDA, FREKARI
UPPLYSINGAR VERÐA SETTAR ÞAR INN

Fjör í Flóa

15-16. maí 2026

Lumar þú nokkuð á



• Skemmtilegum hugmyndum ?



• Langar þig að hafa opið hús ?



• Fallegu handverki til sölu eða sýnis ? Sölubásar á staðnum



• Afurðum beint frá býli ?



• Gömlum landbúnaðartækjum eða dráttarvélum ?

VIÐ HLÖKKUM TIL AÐ HEYRA

FRÁ ÞÉR

RÚNAR S.898-1535

HARPA S.848-7713

SIGRÚN S.862-1574



Finndu okkur á : FB Fjör í Flóa & Instagram Menning í Flóa



Kvenfélögin í
Flóahreppi

HEILSUEFLANDI
samtöglag
væðingarmiðstöð



Sönghátíð ZONE

Undankeppni fyrir USSS 2026



**Haldin fimmtudaginn
5 . mars 2026 kl. 18:00 í**

Þjósárveri.

Öll velkomin.

**Mætum og styðjum efnilega
tónlistarfólkið okkar.**

-Félagsmiðstöðin ZONE-

Messur í Flóahreppi í marsmánuði

Villingaholtskirkja

Messa verður í Villingaholtskirkju, sunnudaginn 15. mars n.k. kl 14:00.

Prestur Sr Anna Eiríksdóttir.
Kantor Pétur Nói Stefánsson.
Kirkjukórinn syngur.



Gaulverjabæjarkirkja

Messa verður í Gaulverjabæjarkirkju, sunnudaginn 22. mars nk. kl 14:00.

Prestur Sr Gunnar Jóhannesson.
Kantor Pétur Nói Stefánsson.



Hittingar 60+ íbúa og brottfluttra íbúa

Við ætlum að halda áfram að hittast á 3ja vikna fresti fram á vor og verður einn hittingur í marsmánuði, þann 18. mars nk.

Eins og áður er staðsetningin í Þjósárveri og tímasetningin milli 16:00 og 18:00. Húsið opnar kl 15:30.

Nefndin

Fréttir úr Flóaskóla

Í marsmánuði fá listgreinar mikið rými í skólastarfinu okkar. Íþróttirnar eiga svo sinn sess, bæði skíði og skáklistin.

Námsmat í formi Matsferilsprófa verður einnig fyrirferðarmikið í skólastarfinu fram til páska.



Elsta stig verður með sýningar 10. mars næstkomandi á leikverki sem byggir á sjónvarpspáttunum Næturvaktinni en er heimfært upp á okkar heimabyggð.

Miðstig skólans sýnir svo sitt leikverk á fimmtudegi fyrir páskaleyfi, 26. mars. Sú sýning byggir á söngleiknum Mamma Mia. Mikil metnaður er í undirbúningi sýninganna og stefnir allt í að þær verði hinar glæsilegustu.

Undankeppni í Flóaskóla fyrir Söngkeppni Samfés á Suðurlandi er framundan 5. mars næstkomandi. Átta nemendur af elsta stigi hafa verið í valfagi sem undirbýr þau fyrir þátttökuna og verða þau alls með 10 atriði. Undankeppnin fer fram í Þjórsárveri kl 18 og dómnefnd velur hvaða atriði verður fulltrúi Flóaskóla í keppninni á Suðurlandi en hún fer fram á Flúðum 20. mars næstkomandi. Þar keppa fulltrúar skóla á Suðurlandi og þrjú atriði eru valin til að taka þátt í úrslitakeppni Samfés sem haldin verður síðar í vor, en þar koma saman fulltrúar nemenda af öllu landinu.

Miðstigskór Hvolsskóla kom í heimsókn til okkar í Flóaskóla í febrúar og æfðu með miðstigskórnum okkar. Síðan er fyrirhugað að okkar kór fari í heimsókn í Hvolsskóla eftir páska. Miðvikudag 15. apríl verða kórarnir svo með sameiginlega tónleika í Skálholtskirkju.

Skákáhugi í skólanum hefur verið þónokkur undanfarið. Átta

skáksveitir af öllum stigum skólans taka þátt í Suðurlandsmóti grunnskóla í skák sem fer fram þriðjudaginn 3. mars nk. Mótshaldið er að þessu sinni samvinnuverkefni Flúðaskóla og Skáksambands Íslands. Mótið er sveitakeppni fyrir grunnskóla á Suðurlandi. Teflt verður í Félagsheimili Hrunamanna á Flúðum.



Frá áramótum hefur afar skemmtilegt verkefni verið í gangi í textílkennslunni. Nemendur í 1.-7. bekk fóru í heimsóknir í ullarvinnsluna í gömlu Þingborg. Þar hittu þau Margréti Jónsdóttur sem fræddi



nemendur um íslensku sauðkindina, feldgerðir og íslensku sauðalitina.

Miðstígs nemendur unnu síðan þæfingarverkefni með Margréti. Í framhaldi var fenginn að láni tóvinnukassi frá handiðnaðarsambandinu sem innihélt 10 kamba og 10 halasnældur í barna-

stærðum. Nemendur fengu því tækifæri til þess að prófa að spinna sitt eigið band. Þau lærðu að raða ull í kamb, að

kemba ullina og loks að spinna hana. Nemendur voru mjög áhugasamir um vinnubrögðin og verkefnin tengd þessu.

Elsta stig skólans stefnir á þriggja daga skíðaferð norður í land á skíðasvæði Tindastóls við Sauðárkrók um miðjan mars. Skíðasvæðið gefur kost á fjölbreyttri útivist og hreyfingu, hvort sem er á skíðabrettum eða skíðum.



Matsferilspróf verða lögð fyrir á tímabilinu 2.-27.mars, bæði lesskilnings og stærðfræðipróf. Lögð verða fyrir próf í 4.-10. bekk. Matsferill er nýtt námsmatskerfi sem ætlað er að gefa heildstæða mynd af námslegri stöðu og framförum nemenda reglulega yfir skólagönguna.

Bestu kveðjur úr Flóaskóla
Þórunn Jónasdóttir



Unglingastig Flóaskóla kynnir:

Næturvaktin

Leikstjóri: Hjalmar Benónýsson

Handrit: Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir
byggt á samnefndum sjónvarpsþáttum
eftir Ragnar Bragason



Sýnt í Þjórsárveri

Tvær sýningar þriðjudaginn 10. mars nk.

Kl 17:30 og 19:30

Húsið opnar kl 17:00

Miðaverð 1500 kr

Frítt inn fyrir börn 10 ára og yngri

Sjoppa á staðnum!!!

Ekkert hlé - Enginn posi

Miðapantanir:

Sími 4863460 eða á floaskoli@floaskoli.is

Meistaramót Íslands 11-14 ára

Laugardalshöll 31.janúar - 1.febrúar 2026

Þjótandi átti 9 keppendur á mótinu. Gistu þau í Laugarlækjaskóla með liði HSK og var öllum keppendum mótsins boðið í sund eftir mót.

Fanney Ólafsdóttir var liðsstjóri Þjótanda.

60m hlaup piltar 11 ára

8.sæti 9,94 sek Héðinn Fannar Höskuldsson
13.sæti 10,25 sek Þorkell Ólafur Þórbergsson
25.sæti 11,63 sek Sölvi Þór Magnússon

Hástökk piltar 11 ára

9.sæti 1,10 m Héðinn Fannar Höskuldsson
9.sæti 1,10 m Þorkell Ólafur Þórbergsson PB
16.sæti 1,00 m Sölvi Þór Magnússon PB

Langstökk piltar 11 ára

5.sæti 3,69 m Héðinn Fannar Höskuldsson PB
12.sæti 3,13 m Þorkell Ólafur Þórbergsson
21.sæti 2,85 m Sölvi Þór Magnússon PB

Kúluvarp 2 kg piltar 11 ára

5.sæti 7,40 m Héðinn Fannar Höskuldsson PB
11.sæti 6,49 m Þorkell Ólafur Þórbergsson
21.sæti 5,24 m Sölvi Þór Magnússon

400m hlaup piltar 11 ára

6.sæti 1:17.66 mín Héðinn Fannar Höskuldsson PB
11.sæti 1:20,44 mín Þorkell Ólafur Þórbergsson PB
26.sæti 1:43.26 mín Sölvi Þór Magnússon PB

60m hlaup stúlkur 11 ára

9.sæti 10,50 sek Lilja Reynisdóttir

400m hlaup stúlkur 11 ára

6.sæti 1:26.74 mín Lilja Reynisdóttir

Hástökk stúlkur 11 ára

8.sæti 1,05 m Lilja Reynisdóttir

Langstökk stúlkur 11 ára

9.sæti 3,35 m Lilja Reynisdóttir PB

Kúlvarp 2 kg stúlkur 11 ára

8.sæti 5,81m Lilja Reynisdóttir

4x200m boðhlaup blönduð sveit 11 ára

1.sæti 2:14.87 mín Sveit Hsk/ Selfoss -*Héðinn Fannar Höskuldsson*

3.sæti 2:25.85 mín Sveit Hsk/ Selfoss -*Lilja Reynisdóttir*

Kúlvarp 3 kg piltar 12 ára

1.sæti 7,64 m Nikulás Tumi Ragnarsson PB

4x200m boðhlaup blönduð sveit 12 ára

3.sæti 2:13.24 mín Sveit HSK/Selfoss- *Þorkell Ólafur Þórbergsson*

60m hlaup piltar 14 ára

18.sæti 9.41 sek Kristján Reynisson

21.sæti 9,97 sek Ottó Ingi Annýjarson PB

60m grindahlaup piltar 14 ára

11.sæti 13,61 sek Ottó Ingi Annýjarson

600m hlaup piltar 14 ára

11.sæti 2:00.62 mín Kristján Reynisson PB

Hástökk piltar 14 ára

13.sæti 1,25 m Kristján Reynisson

15.sæti 1,20 m Ottó Ingi Annýjarson

Langstökk piltar 14 ára

9.sæti 4,28 m Kristján Reynisson PB

19.sæti 2,91 m Ottó Ingi Annýjarson

Þrístökk piltar 14 ára

5.sæti 9,15 m Kristján Reynisson PB

10.sæti 7,56 m Ottó Ingi Annýjarson PB

Kúluvarp piltar 14 ára

11.sæti 7,28 m Kristján Reynisson PB

4x200m boðhlaup piltar 14 ára

4.sæti 2:00.27 mín Sveit Hsk/ Selfoss -*Kristján Reynisson*

60m hlaup stúlkur 14 ára

25.sæti 10,76 sek Guðbjörg Erla Annýjardóttir

Langstökk stúlkur 14 ára

25.sæti 2,89 m Guðbjörg Erla Annýjardóttir PB

4x200 boðhlaup stúlkur 14 ára

5.sæti 2:21.26 mín sveit HSK/ Selfoss- *Guðbjörg Erla Annýjardóttir*



Frá Hrossaræktarfélagi Flóahrepps

Folaldasýning

Folaldasýning Hrossaræktarfélags Flóahrepps, verður haldin sunnudaginn 8. mars 2026 í Sleipnishöllinni að Brávöllum Sel-fossi og hefst hún kl. 13:30.

Þátttökugjald er 2.500 kr. fyrir hvert folald og greiðist með reiðufé til gjaldkera.

Skráningafrestur rennur út kl. 20:00 föstudaginn 6. mars. Koma verður fram nafn á folaldi, litur, móðir, faðir, ræktandi og eigandi. Skráning er hjá Ágústi Inga agustk@visir.is sími 899-5494, Atla Geir atligeir@hive.is sími 898-2256 og á netfang félagsins hrff.stjorn@gmail.com. Eins er hægt að fara inn á heimsíðu félagsins og finna þar frétt um folaldasýningu og fylla út formið sem þar er.

Áhorfendur velja með kosningu glæsilegasta folaldið. Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin, merfolöld og hestfolöld.

Þeir sem verða með folöld eru beðnir um að mæta eigi síðar en kl. 13:00

Aðalfundur

Aðalfundur HRFF verður haldin föstudagskvöldið 13. mars kl. 19:30 á Krúkránni. Félagið mun bjóða upp á hamborgara og Hörður vert verður með drykki á góðu verði á barnum.

Aðalfundurinn sjálfur byrjar síðan sjálfur kl. 20:00.

Á dagskrá verða þessi hefðbundnu aðalfundarstörf.

Stjórn HRFF

Heimasíðan okkar er hrossaraektarfelagfloa.wordpress.com.

Erum líka á Fésbókinni

Frá Ungmennafélaginu Þjótanda

Aðalfundur Umf Þjótanda var haldinn 26. febrúar sl í Þingborg og mættu 20 félagar á fundinn. Fundarstjóri var Halldór Bjarnason og fundarritari Sveinn Orri Einarsson.



Farið var yfir starf félagsins á síðasta ári og línur lagðar fyrir starf þessa árs. Í liðnum önnur mál var m.a. rætt um Þjótanda-fatnað, samstarf Umf Þjótanda við Flóahrepp og Flóaskóla og endurbætta íþróttaaðstöðu í Þingborg. 14 nýir félagar gengur í Þjótanda á síðasta ári.

Stjórn Þjótanda helst óbreytt að mestu. Í aðalstjórn eru þau Guðmunda Bríet Steindórsdóttir formaður, Sveinn Orri Einarsson ritari og Harpa Magnúsdóttir gjaldkeri.

Bryndís Eva Óskarsdóttir gaf ekki kost á sér í áframhaldandi starf sem formaður íþróttanefndar og var Hanna Dóra Höskuldsdóttir kjörin í hennar stað. Aðrir formenn nefndar eru Freyja Kristín Guðjónsdóttir í skemmtinefnd og Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir og Oddný Ása Ingjaldsdóttir í ritnefnd. Örvar Rafn Hlíðdal heldur áfram í varastjórn og var Helgi Reynisson einnig kjörinn í varastjórn. Í Einbúanefnd er Einar Magnússon og Rannveig Árnadóttir er skoðunarmaður reikninga. Þakkar stjórn félagsins Bryndísi Evu kærlega fyrir gott og mikið starf.

Íþróttamaður Umf Þjótanda 2025 er Helgi Reynisson

Helgi æfir frjálssar íþróttir á Selfossi en hefur alltaf keppt fyrir hönd Umf Þjótanda. Hann er fjölhæfur, metnaðarfullur og jákvæður íþróttamaður sem leggur sig ávallt fram hvort sem það er á æfingu eða í keppni. Sterkasta greinin hans Helga er stangarstökk en árið 2025 stökk hann 3.85 metra og þar með bætti hann sig um 62 cm frá árinu 2024. Nú í byrjun árs rauf hann svo langþráðan fjögurra metra múr þegar hann stökk 4.10 metra á Unglingameistaramóti Íslands innanhúss. Þrátt fyrir að stangarstökk sé sterkasta grein Helga í frjálsum íþróttum þá er hann líka sterkur í öðrum greinum og hefur til dæmis keppt í fimmtarþraut sem sýnir fjölhæfni hans sem íþróttamann. Við óskum Helga innilega til hamingju með þennan verðskuldaða árangur og óskum honum alls hins besta áfram, hann á svo sannarlega framtíðina fyrir sér.

Félagi ársins 2025 er Kristín Stefánsdóttir

Kristín hefur frá unga aldri tekið virkan og öflugan þátt í starfi ungmennafélaga. Fyrst með Ungmennafélaginu Samhygð og síðar með Ungmennafélaginu Vöku. Síðustu ár hefur Ungmennafélagið Þjótandi verið svo lánsamt að njóta liðsinnis hennar.

Kristín hefur í gegnum tíðina verið einstaklega liðleg við að aðstoða ungmennafélaga við fjölbreytt verkefni. Þar má meðal annars nefna að græja og gera við jólasveinabúninga, baka og útbúa veitingar fyrir fjölmörg tilefni hjá félaginu, lána búninga og muni fyrir leikrit og svo mætti lengi telja. Kristín hefur í stutt við Skötuveislu Þjótanda í ára- raðir með því að gefa félaginu kynstrin öll af hamsatólg að bjóða upp á með skötunni. Kristín er einnig góð fyrirmynd þegar kemur að hreyfingu og heilbrigðu lífneri.

Við viljum þakka Kristínu kærlega fyrir ómetanlegt framlag til félagsins og teljum hana vera vel að því komin að vera félagi ársins 2025.



Ársskýrsla stjórnar Umf. Þjótanda árið 2025



Aðalfundur Þjótanda var haldinn í Þingborg 24. febrúar 2025. Á fundinum var Skólahreystishópur Flóaskóla valinn íþróttafólk Umf. Þjótanda og Fanney Ólafsdóttir var kjörinn Félagi ársins.

Starfsemi Þjótanda var nokkuð viðamikil á árinu. Félagið hélt úti í þróttastarfi fyrir börn og ungmenni og stóð fyrir ýmsum heilsuefandi viðburðum og félagsstarfi.

Þjótandaæfingar fyrir allan grunnskólaaldur voru vikulega yfir vetrarmánuðina og er mikill meirihluti nemenda í Flóaskóla sem tekur þátt í þeim. Þjálfarar voru Örvar Rafn Hlíðdal, Guðmunda Bríet Steindórsdóttir og Hanna Dóra Höskuldsdóttir.

Leikjanámskeið var í júní með um 40 þátttakendum, þá voru sumaræfingar fyrir krakka og leikjavöld fyrir unglinga vikulega í sumar og var mjög góð þátttaka.

Félagið sendi keppendur á HSK mótin í frjálsum íþróttum bæði innan- og utanhúss og nokkrir keppendur tóku þátt í Meistaramótum Íslands og fleiri mótum. Við höldum fjölmennt páskaþingó í apríl sem skemmtinefndin sá um. Flóahlaupið fór fram í apríl við Félagslund. Viðavangshlaupið var haldið á Þjórsárbökkum á sumardaginn fyrsta. Þátttaka var mjög góð enda veðrið frábært, 72 keppendur á öllum aldri. Fjör í Flóa var haldið í maí og var Þjótandi með fjölmenna kökuskreyingakeppni fyrir krakka, hjólarallý, pylsusölu og andlitsmálningu. Fjölmargir unglingar störfuðu fyrir félagið á Fjöri í Flóa og stóðu sig frábærlega. Við höldum upp á 17. júní við Einbúa ásamt Flóahreppi og kvenfélögum Hraungerðis- og Villingaholtshrepps. Þar var Þjótandi með fótboltamót, skólahreystibraut og reiptog og heppnaðist dagurinn mjög vel.

Ungmennafélagsreiðtúrin var farinn 22. júlí. Þar mættu 56 knapar á 65 hrossum og að auki mætti góður hópur fylgdarfólks. Reiðin var þægilegur hringur og endað aftur í Lyngholti þar sem ungmennefagið bauð upp á grillaðar pylsur. Jón Valgeir Geirsson, Lyngholti, var fararstjóri í ár.

Fjölskyldur úr Þjótanda mættu vel á unglingalandsmótið á Egils-

stöðum og áttu þar góða helgi saman við leik og keppni.

Flóamótið fór fram 5. september og var að þessu sinni haldið í tengslum við Fjölskyldudag Flóaskóla. Heppnaðist dagurinn mjög vel. Boðið var upp á nýjung á mótinu þar sem foreldrum og kennurum var boðið að taka þátt í 60 metra hlaupi, þátttaka var mjög góð og keppnin skemmtileg.

Meistaramót Þjótanda í skák fór fram í nóvember í fjórða sinn. 14 keppendur mættu á mótið sem eru fleiri en í fyrra. Mótsstjóri var Ágúst Valgarð Ólafsson.

Þjótandi fagnaði 10 ára afmæli sínu á árinu og var haldið upp á það með því að bjóða félagsfólki í Skauta- og pizzuveislu í Egilshöll. Rúmlega 100 manns mættu til að fagna þessum áfanga og var dagurinn í alla staði vel heppnaður. Einnig var blásið til ritunarsamkeppni og fjárfest var í Þjótanda fána í tilefni afmælisins.

Skötuveislan var fjölmenn á Þorláksmessu, um 180 manns mættu í Þingborg og gæddu sér á skötu. Jólasveinabjónustan okkar var svo á sínum stað á Þorláksmessu og aðfangadag og er alltaf vinsæl.

Stjórnin fundaði 8 sinnum á árinu og er þess á milli í miklum samskiptum gegnum netið. Ritnefndin gaf út 12 tölublöð af Áveitunni.

Á árinu fékk félagið nokkrar góðar gjafir frá velunnurum félagsins og er ómetanlegt að finna slíkan stuðning frá nærsamfélaginu. Félagið heldur nokkra fjáröflunarviðburði yfir árið og einnig erum við með samstarfssamning í gildi við Flóahrepp. Allar íþróttæfingar Þjótanda og flestir viðburðir eru gjaldfrjálssir fyrir þátttakendur og markmiðið er að halda því þannig áfram. Það ætti að ganga upp meðan viljinn til að leggja fram sjálfboðavinna er til staðar.

Umf Þjótandi er í miklu og góðu samstarfi við Flóaskóla og gaf félagið Flóaskóla í 20 ára afmælisgjöf 500.000 kr til að styðja við heilsuefningu, útivist og hreyfingu í starfi skólans.

Stjórn Þjótanda þakkar öllum sem hafa á árinu tekið þátt í starfi félagsins með einum eða öðrum hætti. Þá sendum við góðar þakkir til stjórnenda Flóaskóla fyrir mikið og gott samstarf.

Áfram Þjótandi!

Guðmunda Bríet Steindórsdóttir, formaður

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps verður haldinn miðvikudaginn 25. mars kl. 19:30 í Þjórsárveri.

Á dagskrá fundar eru hefðbundin aðalfundarstörf.

Nýjar konur velkomnar á fundinn til kynningar eða inngöngu í félagið.

Upplýsingar veitir Gunnlaug formaður í síma 842-2551 eða netfang kvfvillingaholtshrepps@gmail.com.

Með bestu kveðjum, stjórnin

Dagskrá mánaðarins:

Fundur Sveitarstjórnar	3. mars
Stofnfundur nýs Búnaðarfélags	4. mars
Sönghátíð ZONE	5. mars
Folaldasýning HRFF	8. mars
Næturvaktin - Leiksýning Flóaskóla í Þjórsárveri	10. mars
Aðalfundur HRFF	13. mars
Messa í Villingaholtskirkju	15. mars
60+ hittingur í Þjórsárveri	18. mars
Ungmennahús í Þjórsárveri	18. mars
Héraðsleikar HSK	21. mars
Héraðsmót HSK	21. mars
Messa í Gaulverjabæjarkirkju	22. mars
Páskabingó Umf Þjótanda í Þingborg	25. mars
Aðalfundur Kvenf. Villingaholtshrepps	25. mars

Þjótandaæfingar mið og elsta stigs:

4. mars, 11. mars, 18. mars og 25. mars

Þjótandaæfingar yngsta stigs:

6. mars, 13. mars, 20. mars og 27. mars